

Persónuverndarstefna

Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB)

1. INNGANGUR OG MARKMIÐ

- 1.1. Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar einstaklinga og virða réttindi þeirra.
- 1.2. Stefna þessi tekur til persónuupplýsinga hvort sem þeim er safnað og þær varðveittar með rafrænum hætti, á pappír eða með öðrum sambærilegum hætti. Stefnan tekur til skráningar, vörslu og vinnslu á persónuupplýsingum sem falla undir stefnuna. Stefnan er aðgengileg á vefsíðu Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, www.feb.is.
- 1.3. Markmið þessarar persónuverndarstefnu er að allir einstaklingar sem veita FEB persónuupplýsingar séu upplýstir um hvernig félagið safnar og vinnur persónuupplýsingar, svo og hvaða réttindi þeir hafa.

2. PERSÓNUUPPLÝSINGAR OG PERSÓNUVERNDARLÖGGJÖF

- 2.1. Með persónuupplýsingum er átt við upplýsingar sem hægt er að nota til að persónugreina einstakling. Þetta eru til dæmis nafn, fæðingardagur, heimili, símanúmer, kreditkortaupplýsingar, kyn, netfang, IP-tala eða samsetning þessara upplýsinga sem gera kleift að ákvarða auðkenni einstaklings.
- 2.2. FEB safnar hvorki né vinnur persónuupplýsingar sem kunna að teljast viðkvæmar, svo sem upplýsingar um heilsufar, trúarbrögð eða stjórnmalaskoðanir.
- 2.3. Um meðferð persónuupplýsinga gilda lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga eins og þau eru á hverjum tíma, sem og viðkomandi hlutar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Taka lögin m.a. á vinnslu, vörslu og miðlun persónuupplýsinga.

3. TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

- 3.1. FEB safnar persónuupplýsingum um félagsmenn sína í þeim tilgangi að geta sinnt hlutverki félagsins eins og það er skilgreint í lögum félagsins. FEB safnar því persónuupplýsingum til að halda félagaskrá, geta komið á tengslum milli félagsmanna, skipuleggja og kynna námskeið, fræðslufundi, félagsstarf, skemmtanir, ferðalög, efla félagslegt og efnahagslegt öryggi eldra fólks, halda úti afsláttarbók o.s.frv.
- 3.2. Persónuverndarstefna FEB gildir um allar persónuupplýsingar sem FEB vinnur með, óháð því á hvaða miðli upplýsingarnar eru geymdar og óháð því hvort þær tengjast fyrrum eða núverandi félagsmönnum,

starfsmönnum, verktökum, birgjum, eða öðrum skráðum einstaklingum. Persónuverndarstefna FEB tekur eingöngu til einstaklinga en ekki lögaðila

4. ÁBYRGÐ

- 4.1. FEB er ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem veittar eru félaginu. FEB vinnur persónuupplýsingar sem félagið safnar ýmist sem ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili eða eftir atvikum sameiginlegur ábyrgðaraðili með öðrum.
- 4.2. Þeir aðilar sem FEB kann að miðla upplýsingum til, sbr. 6. kafla þessarar persónuverndarstefnu, eru sjálfstæðir ábyrgðaraðilar varðandi þá vinnslu upplýsinga sem fer fram á þeirra vegum, svo sem í tengslum við markaðsstarfsemi, og bera sjálfstæða ábyrgð á því að öll meðferð þeirra sé í samræmi við persónuverndarlöggjöf.

5. SÖFNUN OG NOTKUN PERSÓNUUPPLÝSINGA

- 5.1. Við skráningu í FEB óska félagasamtökin eftir nafni, kennitölu, heimilisfangi, netfangi og símanúmeri félagsmanns. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar vegna skráningar í félagatali FEB, s.s. til að tryggja samskipti milli félagsins og félagsmanna, til að svara fyrirspurnum þeirra og bregðast við óskum þeirra eða athugasemdum og til að félagsmenn geti nýtt kosningarétt í samræmi við samþykktir FEB.
- 5.2. Slík söfnun á persónuupplýsingum byggist á samkomulagi aðila um aðild að félaginu og er nauðsynleg til að FEB geti veitt umbeðna þjónustu og starfað í samræmi við lög félagsins. Söfnun og vinnsla skal þó ekki ganga lengra en þörf er á hverju sinni. FEB aflar þessara upplýsinga í trausti þess að félagsmenn séu þessari vinnslu samþykktir og hafi kynnt sér þessa persónuverndarstefnu.
- 5.3. Persónuupplýsingar eru einnig notaðar af FEB þegar félagið sendir út fréttabréf samtakanna og þegar sendur er út tölvupóstur til félagsmanna með efni sem kann að vekja áhuga þeirra, t.d. fréttir um viðburði á vettvangi félagsins, námskeið, fundi, málstofur, tilboð hvers konar sem eru sérstaklega hugsuð fyrir félagsmenn, félagsfundi eða sérstakar kynningar. Þá geta einstaklingar, sem ekki eiga aðild að FEB, óskað eftir því að vera skráðir á póstlista félagsins í sama tilgangi.
- 5.4. Ef einstaklingur kærir sig ekki um slíkar póstsendingar, eftir að hafa skráð sig á póstlista FEB, getur hann sent tilkynningu þess eðlis á póstfangið feb@feb.is.
- 5.5. FEB nýtir persónuupplýsingar til að veita og bæta þjónustu FEB. Samþykktir félagsmaður söfnun og notkun upplýsinga í samræmi við þessa stefnu með því að nota þjónustu FEB eða þegar hann skráir upplýsingar um sig hjá félaginu. Með því að veita FEB persónuupplýsingar eftir að hafa kynnt sér persónuverndarstefnu FEB, samþykktir viðkomandi skilmála og skilyrði stefnunnar.

6. MIÐLUN PERSÓNUUPPLÝSINGA

- 6.1. Rík áhersla er lögð á að varsla persónuupplýsinga sé ávallt með ábyrgum hætti. Persónuupplýsingar verða ekki aðgengilegar öðrum aðilum en starfsfólki FEB og eftir atvikum verktökum sem starfa fyrir félagið, svo sem vegna tölvuþjónustu. Allar upplýsingar sem einstaklingur afhendir starfsmönnum FEB í trúnaði er ekki miðlað til annarra en framangreindra og eru þeir bundnir fullum trúnaði.
- 6.2. FEB selur, leigir eða deilir aldrei persónuupplýsingum um félagsmenn, en áskilur sér rétt til að senda félagsmönnum tilboð og eða upplýsingar um fría þjónustu frá þriðju aðilum, nema félagsmenn óski sérstaklega eftir að fá ekki slíkar tilkynningar eða séu skráðir á bannskrá Þjóðskrár Íslands. FEB er heimilt að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila sem er þjónustuveitandi eða verktaki á vegum félagsins og þá í þeim tilgangi að ljúka við verkefni sem eru nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna FEB, t.d. vegna kosninga til stjórnar FEB, eða veita félagsmönnum þjónustu. FEB afhendir vinnsluaðilum einungis þær persónuupplýsingar sem þykja nauðsynlegar til að ná framangreindum tilgangi. Félagsmanni er frjálst að hafna slíkri miðlun nema þar sem okkur er það skylt samkvæmt lögum eða í þeim tilvikum þar sem það telst nauðsynlegt til að hafa uppi eða verjast réttarkröfu. Þó er athygli vakin á því að allt efni sem birt er eða deilt á samfélagsmiðlasíðum okkar eru opinberar upplýsingar.
- 6.3. Þjónusta FEB og efni á heimasíðu félagsins getur haft að geyma tengla á aðrar síður sem FEB stjórna ekki. Ef smellt er á tengil frá þriðja aðila, verður viðkomandi beint á síðu þess þriðja aðila. FEB mælir eindregið með því að hver og einn skoði persónuverndarstefnu hvernar síðu sem hann heimsækir.

7. VARÐVEISLA OG ÖRYGGI PERSÓNUUPPLÝSINGA

- 7.1. FEB leggur mikla áherslu á að vernda allar persónuupplýsingar. FEB mun tilkynna án ótilhlýðilegrar tafar ef upp kemur öryggisbrestur er varðar persónuupplýsingar einstaklings og það hefur í för með sér mikla áhættu fyrir viðkomandi. Með öryggisbresti er átt við brot á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögmætrar eyðingar persónuupplýsinga eða að þær glatist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi. Verði öryggisbrestur verður farið með slíkt mál í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- 7.2. Athygli þín er þó vakin á því að hver og einn ber ábyrgð á persónuupplýsingum sínum, t.d. nafni, kennitölu og mynd, sem hann kys að deila eða senda á almennum vettvangi t.d. í gegnum Facebook síðu FEB.
- 7.3. FEB reynir eftir fremsta megni að halda persónuupplýsingum nákvæmum og áreiðanlegum og uppfærir þær eftir þörfum. Við varðveitum persónuupplýsingar í að hámarki fjögur ár frá úrsögn úr félaginu nema einstaklingur hafi með samþykki sínu veitt okkur heimild til að varðveita þær lengur eða ef okkur er það nauðsynlegt til að uppfylla lagaskyldu eða gæta lögmætra hagsmuna.
- 7.4. Aðrar persónuupplýsingar sem FEB fær afhentar t.d. í tengslum við starfsumsókn, skulu varðveittar að hámarki í 12 mánuði. Við munum fara yfir allar persónuupplýsingar reglulega og endurskoða hvort okkur sé heimilt að varðveita þær áfram. Ef við ákveðum að okkur sé ekki heimilt að varðveita þær áfram, munum við hætta allri vinnslu með persónuupplýsingarnar frá þeim tíma. Ef möguleiki er á að það kunni

að vera þörf fyrir persónuupplýsingarnar síðar til að uppfylla lagaskyldur, t.d. gagnvart stjórnvöldum, eða til að höfða eða verjast réttarkröfu, munum við taka afrit af hlutaðeigandi persónuupplýsingum og varðveita þær á öruggu formi eins lengi og nauðsyn ber til.

8. BREYTINGAR OG LEIÐRÉTTINGAR Á PERSÓNUUPPLÝSINGUM

- 8.1. Einstaklingur árétt á og getur óskað eftir upplýsingum um hvaða upplýsingar FEB hefur um sig. Í því felst réttur á að vita hvaða persónuupplýsingar eru skráðar og hvernig þær voru skráðar, hvernig þær eru unnar og fá afrit af upplýsingunum. Einstaklingur á einnig rétt á að persónuupplýsingar um hann séu uppfærðar eða leiðréttar, þeim sé eytt, takmarkað hvernig þær eru unnar, fá afhent yfirlit yfir þær persónuupplýsingar sem viðkomandi hefur látið FEB í té og afturkalla samþykki til vinnslu þeirra.
- 8.2. Öllum beiðnum um upplýsingar og/eða uppfærslu skal beina til feb@feb.is.
- 8.3. Athuga verður þó að það eru ýmsar takmarkanir á réttindum hér að framan, þannig að FEB ber að framkvæma mat á hverri beiðni. Tilkynnt verður og gefin skýring á ef töf verður á afgreiðslu eða ef ekki er unnt að verða við beiðninni að fullu eigi síðar en mánuði frá móttöku hennar. Hægt er að kvarta til Persónuverndar ef FEB neitar að afhenda ákveðnar upplýsingar.

9. PERSÓNUVERND BARNNA

- 9.1. Persónuupplýsingum um börn yngri en 13 ára er ekki safnað.
- 9.2. Ef barn undir 13 ára aldri sendir FEB persónuupplýsingar, vinnur FEB ekki úr upplýsingum nema með samþykki forsjáraðila. Ef forsjáraðili verður var við að barn hafi veitt félaginu persónuupplýsingar án samþykkis forsjáraðila er hann hvattur til að hafa samband við FEB. Ef FEB verður vart við upplýsingar um börn án samþykkis forráðamanna er þeim eytt samstundis.

10. BREYTINGAR Á PERSÓNUVERNDARSTEFNU FEB

- 10.1. Persónuverndarstefna FEB er endurskoðuð reglulega. FEB áskilur sér rétt til að breyta persónuverndarstefnunni hvenær sem er, án fyrirvara, en slíkar breytingar kunna að koma til vegna nýrra lagafyrirmæla eða túlkunar eftirlitsstofnanna. Ný útgáfa skal auðkennd með útgáfudegi. Persónuverndarstefnu FEB má finna á www.feb.is.

Samþykkt á fundi stjórnar FEB 4.10.22